

# Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 25. mars 2014 á Kjóavöllum.

## 2. fundur

Fundur hófst kl. 18:05

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Hannes Hjartarson, Hermann Vilmundarson, Brynja Viðarsdóttir, Kristín Njálsdóttir, Sigurður Halldórsson og Lárus Finnbogason. Einnig sat fundinn Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir framkv.stjóri félagsins.

1. Farið yfir verkefnalistann og hann uppfærður.
  - a. Gengið frá styrktarsamningi við Vífilfell
  - b. Drög að samningi við reiðskóla á svæðinu kynnt. Stjórnarmenn kynna sér innihald hans og senda inn athugasemdir á Sigurð og Hannes.  
Bókun: Ákveðið að auglýsa á heimasíðu Spretts eftir áhugasömum aðilum til reksturs reiðskóla á félagssvæði Spretts.
2. Fjármálin – Lárus gerði grein fyrir stöðu mála og lagði fram drög að rekstraráætlun fyrir félögin. Nauðsynlegt þykir að bókhald verði fært með reglubundnum hætti sem gerir stjórn auðveldara að meta stöðuna hverju sinni.  
Bókun: Linda fær umboð stjórnar til að semja við bókhaldsfyrirtæki varðandi færslu bókhalds félaganna.
3. Skipulagsmálin – Hermann fór yfir stöðu mála varðandi tillögu Kópavogsbæjar að breytingu á deiliskipulagi á Kjóavöllum. Linda og Hermann eiga bókaðan fund með bæjarstjóra Kópavogsbæjar nk. fimmtudag til að ræða þessi mál. Mikilvægt er að Hestamannafélagið Sprettur hafi formlega aðkomu að málinu.  
Bókun: Linda greindi frá ályktun þessu tengdu sem send var frá aðalfundi Félags hesthúsaeigenda á nýbyggingarsvæði Spretts 19. mars sl. Þar er skorað á stjórn Spretts til að beita sér fyrir því að nýlegar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Kópavogi sem er nú í undirbúningi, verði stöðvaðar áður en lengra er haldið með þær.  
Brynja vék af fundi kl. 19:00
4. Reiðhöllin - staða á verkefnum
  - a. Hljóðkerfi er ekki komið upp en gert er ráð fyrir að það verði klárað innan viku.
  - b. Snertilyklakerfið er ekki komið upp en lögð áhersla á að það verði klárað sem fyrst. Þá er vökvunarkerfið á leiðinni og vonandi komið í gagnið á allra næstu dögum.
  - c. Komið var ásætlanlegt tilboð í gardínur og filmur fyrir glugga í veislusal og eldhúsi. Gengið verður frá kaupum og uppsetningu á allra næstu dögum.
  - d. Frágangur í eldhúsi. Hermann kynnti tilboð í efni og vinnu vegna frágangs í eldhúsi. Hermann og Linda fá fund með kvennadeild Spretts og í framhaldinu verði gengið frá

uppsetningu á borði og fl. Kvinnadeildin hefur boðist til þess að aðstoða við annan nauðsynlegan frágang eins og t.d. leirtaui og fl.

- e. Málun á bekkjum – ráðlagt er af málara að bíða með málun á bekkjum og böttum þangað til eftir páska.

Kristín vék af fundi kl. 19:30 og Sigurlaug tók við ritun fundargerðar.

5. Keppnisgallar – stofna nefnd  
Landsmót nálgast. Linda fær samþykki stjórnar til að stofna nefnd sem skoðar keppnisfatnað fyrir Hmf. Sprett m.t.t. til samræmds útlits á fatnaði og merki félagsins. Hermann sendir merki félagsins.
6. Jakkar/peysur merktar Spretti  
Linda og Sigurður skoða flíkur og fylgihluti sem hægt er að merkja Spretti.
7. Iðkendastyrkir  
Lárus og Kristín taka að sér að fara yfir iðkendastyrki og mál þeim tengd.
8. Nýjar nefndir:
  - a. Fjáröflunarnefnd, Sigurður Halldórsson verður tengiliður við nýja fjáröflunarnefnd.
  - b. Skemmtinefnd, frestað til næsta fundar.
  - c. Landsmótsnefnd, Linda verður tengiliður við nýja landsmótsnefnd sem mun skoða þjálfaramál fyrir landsmót í samstarfi við fræðslunefnd og æskulýðsnefnd ásamt fleirum.
9. Klára að manna nefndir sem fyrir eru.  
Farið yfir stöðu nefnda og rætt um að stjórn hitti nefndir fljótlega. Einnig rætt um að halda opinn félagsfund þann 29. apríl.
10. Farandbikarar  
Mótanefnd falið að koma með tillögur að fyrirkomulagi og fjölda farandbikara Sprettis. Linda hefur samband við mótanefnd.
11. Leiga á höll og sal – framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um stöðu á útleigu á sal. Rætt um að vsk. bætist ofan á leigufjárhæð.
12. Formannafundur. Linda upplýsir um fyrirhugaðan fund með formönnum hestamannafélaga á svæðinu.
13. Bikarkeppni LH  
Óskað eftir nánari upplýsingum um bikarmót LH sem halda á í Spretti 23.-24. apríl nk. SA hefur samband við LH.
14. Útvarpsendir  
Nauðsynlegt að fá aðgang að útvarpssendi a.m.k. fram yfir gæðingakeppni. Lárus og SA kanna hvar málið er statt og koma útvarpssendi í gagnið.
15. Félagsheimilið á Kjóavöllum  
Rætt um að fá verðmat. Frestað til næsta fundar.

16. Heimasprettur

Ákveðið að fá kynningu frá Tölvu- og tækninefnd á Heimasprett á næsta fundi.

17. Önnur mál

Borist hafa athugasemdir vegna notkunar á hólum í reiðhöll vegna kennslu. SA hefur samband við fræðslunefnd varðandi það að hafa kennslu í samliggjandi hólum og ávallt laust hólf nr. 1 næst salernum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20.10

Fundargerð rituðu Kristín Njálisdóttir og Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir